



Íþróttamiðstöðin Borg



Sumaropnun: 27. maí—20. ágúst

Mánudaga - Föstudaga kl. 10-22
Laugardaga – Sunnudaga kl. 10-19

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ



Kristrún Urður Harðardóttir var fjallkonan í ár og flutti hún Æskufold eftir Elimar Tómasson.



FUNDARGERÐ.

412. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 7. júní 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 17. maí 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 17. maí 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 134. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 23. maí 2017.

Mál nr. 3, 4, 5, 6, 7 og 20 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.



Lögð fram 134. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 23. maí 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Verzlunin BORG



Opið;
mánud. til laugard. 09:00 til 21:00
sunnudaga 10:00 -20:00

*Ný brauð og bakkelsi
alla daga kl: 9:30
frá Sindrabakaríi*



Verið velkomin - heitt á könnunni
S: 486-4408

Tek að mér trjáskurlun á greinum og stofnum allt að 20 cm sverum. Einnig má setja smærri greinarnar með afleggjurum og laufi.

Jóhannes
S. 848-1123



Íbúar í dreifbýli



Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1, Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900

Heilsugæslan Laugarási

Tímamantanir í síma 482-2770

Lyfjaendurnýjun í síma 432-2020

Mál nr. 3: 1705045 - Veitubraut 1: Umsókn um byggingarleyfi: Gestahús.

Fyrir liggur umsókn um byggingarleyfi fyrir 29,9 m² aukahúsi á lóðinni Veitubraut 1 úr landi Vaðness. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið. Á lóðinni, sem er 5.441 m² að stærð hefur verið reist 94,8 m² fristundahús. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að byggingarleyfið verði veitt með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða skv. 44. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 4: 1705027 - Brúarholt II: Umsókn um byggingarleyfi: hesthús og hlaða – breyting.

Fyrir liggur umsókn um byggingarleyfi sem felur í sér breytingu á íbúðarhúsi á landi Brúarholts II lnr. 196050 í 13 herbergja gistihús og breytingu á fjósi og hlöðu í 205 manna veitingaaðstöðu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytingar á notkun húsanna og telur ekki þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga. Afgreiðslu málsins er vísað til byggingarfulltrúa.

Mál nr. 5: 1705012 - Nesjar (170882): Tilkynningarskyld framkvæmd: Gróðurhús.

Fyrir liggur umsókn um byggingu 40 m² gróðurhúss á landinu Nesjar 170882, sem er 35.000 m² að stærð. Á lóðinni hefur þegar verið byggt 88,3 m² sumarhús og tvær geymslur 19,4 m² og 64,8 m². Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsóknina og vísar málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 6: 1704046 - Nesjavallavirkjun lnr. 170925: NN-1, 2 og 9: Niðurrennsli: Framkvæmdaleyfi.

Lögð fram að nýju umsókn Orku náttúrunnar, dags. 12. apríl 2017 um framkvæmdaleyfi vegna prófanna á niðurrennsli í gamlar niðurrennslisholur, þ.e. NN-1, 2 og 9, til ársloka 2018. Meðan á prófunum stendur verða lagðar yfirborðslagnir að holunum. Meðfylgjandi er greinargerð, dags. 12. apríl 2017. Fyrir liggja umsagnir Skipulagsstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við veitingu framkvæmdaleyfis. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að framkvæmdaleyfi fyrir niðurrennsli í samræmi við umsókn.

Mál nr. 7: 1705039 - Klausturhólar 2 lnr. 168966:
Klausturhólar 2a og 2b: Stofnun lóða.

Fyrir liggur umsókn eigenda lóðarinnar Klausturhóla 2 lnr. 168966, dags. 10. maí 2017 um skiptingu lóðarinnar í þrjá hluta. Lóðin í heild mælist um 4,8 ha. Sveitarstjórn hafnar breytingunni á grundvelli bókunar skipulagsnefndar.

Mál nr. 20: 1705001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-54.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. maí 2017.

- b) **Fundargerð 21. fundar Skólabjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 17. maí 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) **Fundargerð 10. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 4. maí 2017.**

Mál nr. 9a þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 10. fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga bs., 4. maí 2017.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9a: Önnur mál – fjallskilasamþykkt endurskoðun.

Lagt er til að sveitarfélög austan vatna skipi einn fulltrúa í nefnd um endurskoðun fjallskilasamþykktar Árnessýslu austan vatna nr. 711/2012. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ingibjörg Harðardóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins í nefndinni.

3. **Tölvupóstur frá Þorsteini Tryggva Mássyni, héraðsskjalaverði með athugasemdum við drögum að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Þorsteini Tryggva Mássyni, héraðsskjalaverði, dags. 31. maí 2017 þar sem óskað er eftir að sveitarfélögin í Árnessýslu sendi sameiginlegar athugasemdir við drögum að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna. Jafnframt eru lögð fram drög að athugasemdum til Þjóðskjalasafns Íslands. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi athugasemdir.



Hortensíur, sumarblóm, kryddjurtir, pottar og gróðurmold.

Opið er alla virka daga frá 10-16

eða eftir samkomulagi.

Sími 669-0108.



Saumaðkompan
Kringlu Grímsnesi

Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515

**Tökum að okkur stór og smá verk:
tætingu, jarðvinnu, heyvinnu,
bílaflutninga & fólksflutninga,
6-11 farþega.**



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

4. **Tölvupóstur frá Ólafi Guðmundssyni f.h. Bíldsfells ehf. þar sem óskað er eftir köldu vatni fyrir sumarhúsabyggð í landi Bíldsfells (Tungu).**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Ólafi Guðmundssyni, f.h. Bíldsfells ehf., dags. 22. maí 2017 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið leggi kalt vatn í sumarhúsabyggðina í landi Bíldsfells (Tungu). Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.

5. **Tölvupóstur frá Sigurði Sigursveinssyni, framkvæmdastjóra Háskólafélags Suðurlands vegna aðalfundar Háskólafélags Suðurlands þann 21. júní n.k.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sigurði Sigursveinssyni, framkvæmdastjóra Háskólafélags Suðurlands, dags. 2. júní 2017 þar sem tilkynnt er um aðalfundur Háskólafélagsins verði haldinn þann 21. júní n.k. Samþykkt er að Ingibjörg Harðardóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum og Gunnar Þorgeirsson til vara.

6. **Bréf frá Hermanní Jónassyni, forstjóra Íbúðarlánasjóðs vegna húsnæðisáætlana sveitarfélaga.**

Fyrir liggur bréf forstjóra Íbúðarlánasjóðs, Hermanní Jónassyni, dags. 24. maí 2017 þar sem sagt er frá húsnæðisáætlunum sveitarfélaga og þau hvött til að hefjast handa við gerð þeirra. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. **Tölvupóstur frá Hrafnkeli Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna breytingar á svæðisskipulaginu „Höfuðborgarsvæðið 2040“**

Fyrir liggur bréf frá Hrafnkeli Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 30. maí 2017 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna breytinga á svæðisskipulaginu „Höfuðborgarsvæðið 2040“. Erindið lagt fram.

8. Afrit af bréfi frá Birni Jónssyni hrl. til Þjóðskrár Íslands vegna álagningar fasteignagjalda á Undirhlíð 36.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Birni Jónssyni hrl til Þjóðskrár Íslands, dags. 18. maí 2017 þar sem krafist er að Þjóðskrár Íslands breyti ákvörðun Grímsnes- og Grafningshrepps um álagningu fasteignaskatts á Undirhlíð 36. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Hæstaréttardómur nr. 768/2016, Grímsnes- og Grafningshreppur og Velferðarþjónusta Árnesþings gegn Eddu Guðmundsdóttur, Ingólfi Andrasyni, Leifi Þór Ragnarssyni, Lovísu Maríu Erlendsdóttur, Rúnari Þór Birgissyni, Sigurði Gíslasyni og Úlfhildi Stefánsdóttur.

Fyrir liggur dómur Hæstaréttar frá 1. júní s.l. í máli nr. 768/2016, Grímsnes- og Grafningshreppur og Velferðarþjónusta Árnesþings gegn Eddu Guðmundsdóttur, Ingólfi Andrasyni, Leifi Þór Ragnarssyni, Lovísu Maríu Erlendsdóttur, Rúnari Þór Birgissyni, Sigurði Gíslasyni og Úlfhildi Stefánsdóttur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra og fulltrúa sveitarfélagsins í Velferðarnefnd að funda með lögmonnum sveitarfélagsins og lögmanni Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið.

Guðmundur Ármann Pétursson vék sæti við afgreiðslu málsins.

10. Héraðsdómur Suðurlands, dómur nr. E-292/2016 Sigurður Örn Sigurðsson og Aðalheiður Jacobsen gegn Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 1. júní s.l. í máli nr. E-292/2016, Sigurður Örn Sigurðsson og Aðalheiður Jacobsen gegn Grímsnes- og Grafningshreppi þar sem farið er fram á riftun kaupsamninga á lóðum nr. 18 og 24 í Ásborgum. Grímsnes- og Grafningshreppur er sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur greiði sveitarfélaginu 1.100.000 kr. í málskostnað.

11. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararétt), 289. mál.

Frumvarpið lagt fram.

OPNUNARTÍMAR GÁMASTÖÐVARINNAR SEYÐISHÓLUM

Sumaropnun - 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-15

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga:

Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag 17. júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**



Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verður lokað vegna
sumarleyfa starfsmanna
frá 24. júlí til og með 11. ágúst 2017.



Borg í sveit

- Alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi

KÆRU SVEITUNGAR
Takk fyrir frábæran dag.

Kveikur frá Stangarlæk 1

IS2012188095



Stóðhesturinn Kveikur frá Stangarlæk 1 í Grímsnesi mun sinna hryssum heima á Stangarlæk 1 í einu löngu gangmáli sumar.

Kveikur hlaut í kynbótadómi 8.51 fyrir byggingu, þar af 9 fyrir höfuð, háls og herðar, bak og lend og samræmi.

Fyrir hæfileika 8.24, þar af 9 fyrir tölt, stökk, vilja og geðslag og fegurð í reið. Aðaleinkunn 8.35.

Faðir Kveiks er Sjóður frá Kirkjubæ og móðir Raketta frá Kjarnholtum 1.

Verð á fengna hryssu er 100.000kr.

Allar nánari upplýsingar í síma hjá Rögnu í síma 892-8180 og Birgi Leó í síma 899-8180.

12. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um landgræðslu, 406. mál.

Frumvarpið lagt fram.

13. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um skóga og skógrækt, 407. mál.

Frumvarpið lagt fram.

14. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál.

Sveitarstjórn vísar málinu til Skipulagsnefndar Uppsveita.

15. Lántaka Brunavarna Árnessýslu.

Grímsnes- og Grafningshreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnessýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 44.000.000 kr. til 7 ára, í samræmi við skilmála láns til ársins 2024 með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma sem lánið er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnessýslu. Grímsnes- og Grafningshreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýrri slökkvibífi sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Grímsnes- og Grafningshreppur skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnessýslu til að breyta ekki ákvæði samþykktu Brunavarna Árnessýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Grímsnes- og Grafningshreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnessýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Grímsnes- og Grafningshreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Ingibjörgu Harðardóttur kt. 020371-4639 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 179. stjórnarfundar 12.05 2017.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 850. stjórnarfundar, 19.05 2017.
- ✓ Landskerfi bókasafna hf.
Fundargerð aðalfundar og skýrsla stjórnar, 24.05.2017.
- ✓ Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um tillögur að reglugerðarbreytingum vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
- ✓ Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, ársskýrsla 2016.
- ✓ Varasjóður húsnæðismála.
Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2016.
- ✓ Skógræktarritið 2017, 1. tbl.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Bautasteinn, fréttabréf Kirkjugarðasambands Íslands
1. tbl. 22. árg. 2017.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:50





FUNDARGERÐ.

413. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 21. júní 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. júní 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. júní 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 135. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 8. júní 2017.

Mál nr. 9, 10, 11, 12 og 20 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 135. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 8. júní 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9: 1705056 - Kringla 2 168259: Kringla 3: Stofnun lóðar.

Mál nr. 20: 1705005F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-55.

Fyrir liggur umsókn Jóns H. Bjarnasonar dags. 15. maí 2017 um stofnun 19,18 ha spildu úr landi Kringlu 2 lnr. 168259 sbr. meðfylgandi lóðablað. Um er að ræða land sem liggur vestan Sólheimavegar á mótis við bæjartorfu Kringlu. Er gert ráð fyrir að spildan fái heitið Kringla 3. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Fyrirvari er um að eigendur aðliggjandi lands samþykki afmörkun landsins.

Mál nr. 10: 1705055 - Nesjar lnr. 170894: Hestvíkurvegur 14: Breytt heiti, afmörkun og stærð lóðar.

Fyrir liggur umsókn Einars S. Ingólfssonar, dags. 16. maí 2017 um breytingu á stærð og heiti lóðarinnar Nesjar lnr. 170894. Lóðin er skráð 1.000 m² í fasteignaskrá en skv. meðfylgjandi lóðablaði verður hún 4.344 m² auk þess sem hún fær heitið Hestvíkurvegur 14. Fyrir liggur að lóðarhafar aðliggjandi lóða gera ekki athugasemdir við hnúsetningu landamarka. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytingu á afmörkun, stærð og heiti lóðarinnar og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 11: 1705059 - Úlfjótuvatn lnr. 170830: Lagning vinnuslóða: Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn Skógræktarfélags Íslands, dags. 17. maí 2017 um framkvæmdaleyfi vegna lagningar vinnuslóða um land Úlfjótsvatns lnr. 170830 vegna skógræktar. Er gert ráð fyrir að síðar verði slóðarnir nýttir sem göngustígar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að gefið verði út framkvæmdaleyfi í samræmi við umsókn þegar fyrir liggur samþykki allra eigenda jarðarinnar.

Mál nr. 12: 1706002 - Efri-Brú Sökk lóð 5 lnr. 198862: Brúarey 1, 2 og 3: Breyting á heiti lóða.

Fyrir liggur umsókn eigenda landsins Efri-Brú Sökk lóð 5 lnr. 198862, dags. 31. maí 2017 þar sem óskað er eftir að 3 lóðir skv. gildandi deiliskipulagi svæðisins fái heitið Brúarey 1, 2 og 3. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að lóðirnar fái heitið Brúarey.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. maí 2017.



Heldriborgaraferð 2017

Fimmtudaginn 22. júní síðastliðinn bauð Kvenfélag Grímsneshrepps íbúum 60 ára og eldri í árlega dagsferð. 25 manns mættu í ferðina í ár. Lagt var af stað frá Borg kl. 10.00 og bættum við okkur nokkrum farþegum á Selfossi.

Fyrsta stopp var í Þingborg þar sem ullarvinnslan og galleríið var skoðað. Ökum því næst sem leið lá austur og vegna þess hve góðan tíma við höfðum renndum við inn Fljótshlíðina fallegu og Unnur Halldórsdóttir, okkar yndislegi fararstjóri, sá til þess að tekið var lagið. Við komum svo tímanlega að Þorvaldseyri og hinkruðum aðeins eftir bíómyndinni um Eyjafjallagosið, mynd um fjölskylduna á Þorvaldseyri og aðstæður þeirra á gostímanum, mynd sem segir meira en mörg orð. Þá lá leið okkar að Skógum, eins og allir hinir ferðamennirnir fórum við inn í Skógasafn, snæddum þar kjötsúpu og brauð sem fólk gerði góð skil. Margir skoðuðu sig um á safninu eða nutu góða veðursins og samverunnar. Næsta stopp var Vík. Á leiðinni tókum við í rútuna annan leiðsögumann Þórir, sem tók við af Unni og sagði frá meðan ekið var um Vík og nágrenni og út í Hjörleifshöfða. Við fengum okkur kaffi á Ícelandair hóteli í Vík og þar sýndi Þórir okkur ljósmyndir sem teknar hafa verið í Vík og nágrenni ásamt norðurljósamyndum hans, glæsilegar myndir og þökkum við honum kærlega fyrir hans innlegg í ferðina. Eftir gott kaffistopp í Víkinni var haldið heim á leið, Unnur sá til þess alla ferðina að allir hefðu gaman af hvort sem sagðar voru gamansögur, gamlar, nýjar eða tilbúnar, sögur af fólkinu sjálfu eða hennar eigin upplifun, einstök hún Unnur og ómetanlegt að njóta krafta hennar í þessari ferð, takk kærlega Unnur Halldórsdóttir fyrir þitt framlag þennan góða dag. Eftir stutt stopp í sjoppunni við Landsvegamót var ekið heim.

Kvenfélag Grímsnes þakkar öllum þeim er þátt tóku fyrir góða ferð og hlakkar til að njóta með ykkur að ári.

Bestu kveðjur,

Inga Kristín Ingadóttir og Sigríður Björnsdóttir



b) Fundargerð 62. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 6. júní 2017.

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 62. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 6. júní 2017.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Kennslukvóti.

Fyrir liggur tillaga að kennslukvóta næsta skólaárs. Áætlað er að nemendafjöldi verði 40 börn í grunnskóladeild og 30 börn í leikskóladeild. Stöðugildi skólans verði 24,2 og þar af 6,3 stöðugildi grunnskólakennara. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi kennslukvóta.

c) Fundargerð 24. fundar Almennavarnarnefndar Árnessýslu, 7. júní 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Endurskoðun Aðalskiplags Grímsnes- og Grafningshrepps.

Farið var yfir ný drög að endurskoðun aðalskiplags sveitarfélagsins sem lagt var fram á íbúafundi þann 20. júní 2017.

Vegna erindis frá Katli Sigurjónssyni, dags. 28. apríl 2017 um fyrirhugaðar vindmælingar á Mosfellsheiði þá felur sveitarstjórn oddvita og sveitarstjóra að gera samkomulag um fyrirhugaðar vindmælingar.

4. Erindi frá skólastjórnendum í uppsveitum og Flóahreppi vegna starfsstöðvar náms- og starfsráðgjafa skólaárið 2017 – 2018.

Fyrir liggur bréf frá skólastjórnendum skólanna í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi, dags. 6. júní 2017 þar sem óskað er eftir að starfsaðstaða náms- og starfsráðgjafa skólaárið 2017-2018 verði hjá Skóla- og Velferðarþjónustu Arnesþings en ekki í Flóaskóla. Sveitarstjórn hafnar erindinu í samræmi við óstaðfesta fundargerð NOS, dags. 15. júní 2017.

5. Tölvupóstur frá Ólafi Guðmundssyni f.h. Bíldsfells ehf. þar sem óskað er eftir köldu vatni fyrir sumarhúsabyggð í landi Bíldsfells (Tungu).

Fyrir liggur tölvupóstur frá Ólafi Guðmundssyni, f.h. Bíldsfells ehf., dags. 22. maí 2017 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið leggi kalt vatn í sumarhúsabyggðina í landi Bíldsfells (Tungu). Erindið var tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 7. júní s.l. var afgreiðslu málsins frestað. Lagt er fram minnisblað frá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita bs. þar sem fram kemur hvaða möguleikar eru í stöðunni um vatnsöflun á svæðinu og kostnaðaráætlun sem er um 20 millj. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ekki sé grundvöllur fyrir að fara í fyrirhugaðar framkvæmdir nema liggi fyrir um 60% kostnaðarþátttaka verkefnisins.

6. Tölvupóstur frá Guðrínu Ásdísi Sturlaugsdóttur, Þekkingarsetrinu Nýheimum vegna ráðstefnunnar Sjálfbært Suðurland, úrgangsmál og sameiginlegir hagsmunir.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Guðrínu Ásdísi Sturlaugsdóttur, Þekkingarsetrinu Nýheimum, dags. 9. júní 2017 þar sem sagt er frá ráðstefnunni „Sjálfbært Suðurland, úrgangsmál og sameiginlegir hagsmunir sveitarfélaganna í umhverfismálum“. Ráðstefnan verður haldin á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga þann 7. september n.k. í Flóahreppi. Tölvupósturinn lagður fram til kynningar.

7. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 414. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

8. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á endurmati fasteignamats á eigninni Tröllahraun 8.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 13. júní 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Tröllahraun 8, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.



SKÓLASLIT 2017

Skólanum var slitið föstudaginn 2. júní kl 13:00. Við það tækifæri voru nemendur úr elsta hóp leikskóla og 10. bekk útskrifaðir.

Leikskólabörn sungu tvö lög, formenn nemendafélags tóku saman helstu atburði vetrarins, tónlistarskólanemendur spiluðu og allir fengu sumarblóm að gjöf. Útskriftarnemendur í 10. bekk héldu skemmtilega tölu um veru sína í skólanum og afhentu öllum starfsmönnum blóm að skilnaði. Skólabílstjórar fengu viðurkenningu frá sveitarstjórn fyrir vel unnin störf. Að lokum var boðið upp á veglegar veitingar sem Rúna Dóra, Lára og Aziza sáu um.



Útskriftarnemendur 10.bekk



Útskriftarnemendur Leikskóladeild

9. Lögreglusamþykkt fyrir Suðurland.

Lögð fram til fyrri umræðu ný sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi. Sveitarstjórn vísar samþykktinni til síðari umræðu.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 520. stjórnarfundar 31.05 2017.
- ✓ Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns, gagnaskýrsla fyrir árið 2016 ásamt viðbótargögnum fyrir árið 2015.
- ✓ Brú lífeyrissjóður, ársskýrsla 2016.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:20

UMHVERFIS OG TÆKNISVIÐ UPPSVEITA KOMIÐ MEÐ FACEBOOK SÍÐU





Frá Leikfélaginu Borg

Leikfélagið Borg heldur leiklistanámskeið fyrir börn og ungmenni **dagana 8.—10. ágúst**
Námskeiðið verður á Borg, mikið úti og kannski eitthvað inni fer eftir veðri.

Tímar og hópar fara eftir fjölda og aldri þátttakenda, í framhaldinu verður þátttaka í Grímsævintýrum 12. ágúst fyrir þá sem það vilja.

Skráning á netfangið leikfelagidborg@gmail.com
eða í síma 894-0932

GRÍMSÆVINTÝRI

á Borg 12.ágúst



Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi seinni fund í júlí og fyrri fund í ágúst.

Fundir sveitarstjórnar sumarið 2017 verða því miðvikudagana 17. maí, 7. júní, 21. júní, 5. júlí og 16. ágúst.

Fundirnir hefjast allir kl. 9:00 f.h.

Umhverfisverðlaun 2017 í Grímsnes- og Grafningshreppi

Tilnefningar óskast!

Í fyrra voru umhverfisverðlaun Grímsnes- og Grafningshrepps veitt í fyrsta skipti. Þau hlutu íbúar Sólheima fyrir það að taka þátt í að skapa sjálfbært samfélag og vera öðrum fyrirmynd og hvatning til góðra verka í þágu umhverfisins.

Nú í ár óskar umhverfisnefnd eftir tilnefningum frá íbúum í sveitarfélaginu. Umhverfisverðlaun verða veitt þeim sem á einhvern hátt skara fram úr, sýna frumkvæði eða gott fordæmi á sviði umhverfis- og/eða náttúruverndarmála.

Hafa ber í huga að tilnefna má einstaklinga, fyrirtæki, félaga-samtök eða annað sem ykkur kann að detta í hug.

Eina skilyrðið er að þeir/það/þau séu búsettir eða starfandi í sveitarfélaginu.

Tilnefningar þurfa að berast skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins í lokuðu umslagi merkt

Umhverfisverðlaun 2017 fyrir 23. júlí eða á

netfangið hordur@gogg.is fyrir föstudaginn 28. júlí.

Endilega látið ykkar röksemdir fylgja tilnefningunni.

Umhverfisverðlaunin verða síðan veitt á Grímsævintýrunum þann 12. ágúst næstkomandi. Fulltrúar umhverfisnefndar vona að umhverfisverðlaun sveitarfélagsins hvetji íbúa, fyrirtæki og félagasamtök til þess að huga að nærumhverfi sínu og umhverfismálum um leið og þau verði þeim er hlýtur viðurkenninguna, frekari hvatning til góðra verka í þágu umhverfisins.

Með sumarkveðju, umhverfisnefnd.